



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Rauðaborg



2020 – 2021

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat Rauðaborgar 2019-2020	4
3	Umbótaáætlun 2019-2020	4
3.1	Sjálfsfelling.....	4
3.2	Teymisvinna.....	4
3.3	Upplýsingaflæði	5
4	Ytra mat	5
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	6
6	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	6
6.1	Áætlun vetrarins:.....	6
6.2	Heimahagar	6
7	Foreldrasamvinna	7
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	7
8.1	Skipulagsdagar.....	7
8.2	Leikskóladagatal	8
9	Umsögn foreldraráðs.....	8



1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðastliðinn vetur hefur kennt okkur margt nýtt sem við tókum með okkur inn í næsta leikskólaár. Áhersla á að gefa börnum tíma og rými fyrir leik sinn hefur verið í fyrirrúmi. Vegna aðstæðna og breytinga í starfsmannahópnum þá höfum við dregið úr skipulagi sem áður var. Við ætlum að vinna meira með að barnið velji sjálft sín viðfangsefni. Margt hefur breyst í dagskipulagi leikskólans og hefur það verið gert til að ýta undir sveigjanleika sem hefur haft jákvæð áhrif á líðan starfsfólks og barna.

Á Rauðaborg verður Menntastefna Reykjavíkurborgar innleidd og áhersla lögð á að vinna með mannauðinn sem mun síðar skila sér til barnanna. Þróunarverkefnið okkar „Kveikjum áhugann!“ er að byggja upp mannauðinn okkar og gera hann sterkari og efla sjálfstraust og ýta undir styrkleika starfsfólks. Við munum fara eftir viðmiðum um gæðastarf sem samræmast mjög vel þeim þáttum sem við viljum styrkja í starfinu okkar. Ingibjörg Kristleifsdóttir mun aðstoða okkur við verkefnavinnuna.

Við ætlum að ýta undir jákvæðan starfsanda og jákvæð samskipti og hafa gleðina að leiðarljósi næsta vetur. Við munum vinna að því að efla frumkvæði starfsmanna og auka þátttöku í faglegu starfi með börnum. Við munum setja saman nokkur teymi sem munu vinna meðal annars með sjálfseflingu, upplýsingaflæði og dagskipulag til að byrja með.

Við ætlum að fara ýmsar leiðir til að vera í góðum samskiptum við foreldra. Við ætlum að nýta betur Völu, Facebook, Verkefni haustsins er að auka upplýsingaflæði með lokuðum Facebook hópum fyrir foreldra. Við viljum með því koma til móts við þær breytingar sem eru nú í samfélaginu og aðlaga skólastarfið að þeim.

Við munum einnig vinna út frá einkunnarorðum Rauðaborgar sem eru:

Gleði: jákvæðni, umhyggja, bros og hrós.

Virðing: kurteisi, tillitsemi, vinátta, hlustun og skilningur.

Sjálfsefling: frumkvæði, traust og hvatning.

Helstu verkefni starfsársins 2019-2020 verða því að innleiða menntastefnuþættina, auka upplýsingaflæði til foreldra og ýta undir hvetjandi starfsanda og hvetjandi leikskólastarf.



2 Innra mat Rauðaborgar 2019-2020

Innra mat á starfi leikskólans var unnið af stjórnendateyminu. Rætt var á skipulagsdögum, deildarfundum og deildarstjórafundum í vetur hvað þyrfti að leggja mesta áherslu á til að byggja upp faglegt starf. Starfsfólk fékk ýmsa fræðslu á skipulagsdögum síðast liðinn vetur m.a. um samskipti, agastefnur, uppeldisaðferðir, jákvæða sálfræði og hvatningu. Vinnan næsta vetur verður að mörgu leiti tengd við þá fræðslu. Helstu niðurstöður okkar voru að vinna með sjálfsefningu starfsfólks í uppeldi og starfi með börnum yrði forgangsverkefni okkar. Það er beintenging við þá vinnu sem verður unnin út frá viðmiðum gæðastarfs í mannauðshluta Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

3 Umbótaáætlun 2019-2020

3.1 Sjálfsefning

Markmið með umbótum: er að styrkja starfsmannahópinn í faglegu leikskólastarfi og auka með því gleði og ánægju í starfi. Bæta faglegt starf með börnum.

Aðgerðir til umbóta: breyting á dagskipulagi barna, mat á starfsumhverfi og starfsháttum með umræðum, reglulegir teymisfundir.

Tímaáætlun: verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu.

Endurmat: mun fara fram á skipulagsdögum og starfsmannafundum með aðkomu allra starfsmanna.

Viðmið um árangur: er að starfsfólk finni fyrir öryggi í sínu starfi, hafi tamið sér að hafa frumkvæði og þekking þeirra og styrkleikar fái notið sín í starfi með börnunum.

3.2 Teymisvinna

Markmið með umbótum: að allir starfsmenn fái að hafa áhrif á leikskólastarfið.

Aðgerðir til umbóta: að mynda teymi um þau mál sem starfsfólkið hefur áhuga á og þau mál sem við teljum þurfa umbætur. Í byrjun verða teymin þrjú og vinna með upplýsingagjöf, matar- og hvíldarstefnu og leik barna og efnivið.



Tímaáætlun: verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu.

Endurmat: mun fara fram á skipulagsdögum og starfsmannafundum með aðkomu allra starfsmanna.

Viðmið um árangur: er að starfsfólk öðlist færni í að koma með hugmyndir, skapi umræður og læri að horfa með gagnrýnum augum á starf sitt.

3.3 Upplýsingaflæði

Markmið með umbótum: að bæta upplýsingaflæði og samskipti milli leikskóla og foreldra.

Aðgerðir til umbóta: við munum setja upp Facebook hópa fyrir hverja deild þar sem upplýsingar um nám og leik barna verður deilt með foreldrum. Við munum nýta Völu meira en áður. Vikulegir tölvupóstar frá deildastjórum og mánaðarpóstur frá leikskólastjórnendum. Dagleg samskipti við foreldra.

Tímaáætlun: verkefnið mun standa yfir allt starfsárið

Ábyrgðaraðili: allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu.

Endurmat: mun fara fram á teymisfundum, deildarfundum, skipulagsdögum og starfsmannafundum með aðkomu allra starfsmanna.

Viðmið um árangur: að samskipti séu góð og foreldrar séu vel upplýstir um starf leikskólans og það veiti foreldrum og starfsfólki meira öryggi.

4 Ytra mat

Vegna aðstæðna í samfélaginu og skerðingar á leikskólastarfi síðasta skólaár höfum við ekki upplýsingar úr foreldrakönnun. Við höfum þó tekið til okkar þær ábendingar sem foreldrar hafa komið með til okkar í sumar og munum vinna að þeim. Þær eru m.a. að auka upplýsingaflæðið til foreldra um dag barnsins, nám og leik. Hafa gagnsýni inn á starfstaðinn og veita upplýsingar um hvernig Rauðaborg gangi almennt sem vinnustað.

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Deildarstjórar taka tvö snerpuviðtöl við starfsfólk á sinni deild eitt fyrir áramót og eitt eftir áramót. Í viðtali 1# er rætt um tækifæri til vaxtar, þjálfunar og starfsþróunar. Í viðtali 2# er rætt um hvernig er hægt að veita starfsfólki tækifæri til að sinna þeim verkefnum sem þau vilja vinna.

Starfsþróunarsamtal við leikskólastjórnendur verða að vori. Stjórnendur eru í verkefninu *Velliðan á vinnustað* og aðstoðar leikskólastjórinn verður í forystunámi. Mikil fræðsla fór fram á síðasta ári og áhersla verður lögð á að vinna dýpra með þá fræðslu. Ef til þess kemur að við fáum utanaðkomandi fræðslu á starfsárinu verður hún í tengslum við innleiðingarpætti menntastefnunnar.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Markmið með samstarfinu er:

Að koma á og styrkja samstarf milli leik- og grunnskóla og skapa samfellu í námi barnanna.

Stuðla að því að gagnkvæmur skilningur sé á störfum kennara á mismunandi skólastigum.

Að auðvelda börnunum þær breytingar sem fylgja flutningi úr leikskóla í grunnskóla.

6.1 Áætlun vetrarins:

- Samráðsfundur að hausti.
- Heimsókn barna úr 1. bekk Selásskóla í Rauðaborg í haust.
- Heimsókn elstu barna úr Rauðaborg í Selásskóla; Kynning á skólanum, sögustund í bókasafni skólans í desember.
- Aðgangur að íþróttahúsi skólans á frídögum hans.
- Aðgangur að bókasafni skólans allan veturinn.
- Skólaheimsókn að vori þar sem börnin úr Rauðaborg sitja tvær kennslustundir, fara í frímínútur og borða nesti. Þau fá einnig að sitja kennslustund í tónlist og myndmennt og frístundarheimilið Víðisel er þar að auki heimsótt á vorönn.
- Skilafundur með stjórnendum og kennurum skólanna varðandi þau börn sem eru að hefja grunnskólagöngu í maí.

6.2 Heimahagar

Er samstarf leikskólanna Heiðarborgar, Rauðaborgar og Blásala og Selásskóla í Reykjavík um nýtingu og samvinnu á grenndarsvæði skólastiganna. Teymi kennara sem vinnur saman, miðlar reynslu og eflir fagmennsku á sviði útínáms. Unnið verður að því að brúa bilið milli skólastiga og efla tengsl á milli nemenda leik- og grunnskóla innan hverfis og auka velliðan og ánægju nemenda í námi sínu.



Þetta verkefni sem byrjaði sem þróunarverkefni stuðlar að eflingu samvinnu og tengsla leikskólanna og grunnskólans í Seláshverfi. Samstarfshópur kennara í grunn- og leikskólum í Seláshverfi vinnur að sameiginlegum markmiðum um nýtingu á grenndarskógi eða Heimahögum skólanna. Með þessu móti er einnig verið að auka þekkingu nemenda á eigin umhverfi og efla virðingu þeirra fyrir náttúrunni og sögu hverfisins.

7 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð** við hefjum starfsárið með sama foreldraráði og starfaði síðastliðið starfsár. Þrír foreldrar sitja í foreldraráði ásamt leikskólastjóra og fulltrúa leikskólans.
- **Foreldrafundir** verða með öðru sniði þetta haustið vegna sóttvarna og leggjum við upp með að senda frá okkur upplýsingar um starf leikskólans jafnt og þétt yfir veturinn.
- **Foreldrasamtöl** eru nóvember og febrúar, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með hálf tíma fyrir hvert barn. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra.
- **Foreldrafélag** er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og samverur með börnum utan leikskólatíma m.a. sundferðir, skógarferðir, piparkökumálun og gönguferðir. Tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

8.1 Skipulagsdagar

- 4. sept Föstudagur 14:00-16:00 - Þróunarverkefni, samskipti og teymisvinna.
- 2. okt Föstudagur – Menntakvika Háskóli Íslands.
- 23. okt Föstudagur 8:00-10:00 – Upplýsingafundur og umræður.
- 18. nóv Miðvikudagur – Þróunarverkefni.
- 5. feb Föstudagur – Leikskóla Ráðstefna, Dagur leikskólans.
- 1. mars Mánudagur – Þróunarverkefni.
- 26. mars Föstudagur – Þróunarverkefni.
- 10. maí Fimmtudagur - Starfsáætlun unnin og mat fyrir skil á þróunarverkefni.



8.2 Leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: RAUDABORG

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 L	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 F
24 M	24 F	24 L	24 M	24 F	24 M	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 L	29 F	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M		

9 Umsögn foreldraráðs

Ánægjulegt er að sjá að efla skuli enn frekar samskipti og upplýsingagjöf til foreldra. Að mínu mati tel ég að Facebook hópar fyrir hverja deild munu nýttast vel og gefa foreldrum betri innsýn í daglegt starf barnanna. Ásamt því tel ég að Vala appið sé góð samskiptaleið þegar kemur að upplýsingum til foreldra, og verður ánægjulegt að sjá fleiri upplýsingar þar, eins og t.d. matseðil, myndir o.fl. Yfir heildina litið finnst mér margt gott í starfsáætluninni og mjög jákvætt að efla skuli upplýsingagjöf til foreldra.

Guðrún Halla

Áætlunin er augljóslega lituð af atburðum sem áttu sér stað fyrr á árinu og mikil áhersla er á að efla starfsandann og starfsfólk í uppeldi og starfi með börnunum. Þá er einnig komið inn á samstarf leikskólanna í hverfinu og Selásskóla sem mér finnst mjög jákvætt auk þess sem stefnt er að aukinni upplýsingagjöf til foreldra sem ég tek heilshugar undir.

Hrafnhildur Vala



F. h. leikskólans Rauðaborgar

Dagbjört Svava Jónsdóttir og Unnur Hermannsdóttir
Leikskólastjórar

13. ágúst 2020
Dagsetning

